



## “Out of the box”

Lágafellsskóli fékk Erasmus plus styrk til að taka þátt í skólasamstarfsverkefni 4ra skóla í Evrópu fyrir árið 2015 – 2017. Þessir skólar eru Vrije Basisschool í Brugg í Belgíu, Grundschule an der Oberföhringer Strasse í München í Þýskalandi, IC1Bassano í Bassano á Ítalíu og Lágafellsskóli. Verkefnið kallast “Out of the box” eða “Hugsað út fyrir kassann”. Unnið er með náttúruvísindi, tækni, upplýsingatækni og stærðfræði.

Hver skóli sérhæfir sig í einni námsgrein. Belgía sér um verkefni í upplýsingatækni, Þýskaland sér um verkefni í tækninni, Ítalía sér um náttúruvísindin og Lágafellsskóli sér um stærðfræðhlutann.

Kennarar þátttökuskólanna útbúa verkefni fyrir nemendur í 1. – 6. bekk í þessum greinum með hliðsjón af aðalnámskrá. Verkefni eru öðru vísi en í bókunum og við lausnir þeirra reynir á hugmyndaflug og útsjónasemi. Einnig eru gerðar kennsluleiðbeiningar og úr þessu verður verkefnabanki sem er aðgengilegur á <https://twinspace.etwinning.net> kennurum út um allan heim. Hver skóli prófar verkefni á nemendum sínum og verkefni eru metin jafnóður þeim breytt ef þarf eða lagfærð.

Þessar námsgreinar urðu fyrir valinu vegna þess að talin er þörf fyrir meiri áherlsu og þjálfun í þessum greinum í skólakerfinu í Evrópu. Einnig er mjög gott fyrir alla kennara að komast í áhugverð verkefni sem þeir geta lagt fyrir nemendur sína og gert kennsluna fjölbreyttari og skemmtilegri.

Kennarar í samstarfsskólunum hittast reglulega yfir þennan tíma á fundum eða í gegnum netið þar sem skiptst er á hugmyndum, verkefnum, kennslu og reynslu. Einnig kynnast kennarar skólastarfi og starfsumhverfi samstarfsfélaganna, fá nýjar og ferskar hugmyndir og um leið víkka sjóndeildarhringinn.

Þetta er ekki síst tækifæri fyrir nemendur að kynnast jafnöldrum sínum og aðstæðum þeirra í heimalöndum þeirra í Evrópu með því m.a. að skrifast á, senda á milli myndir og fræðast um aðstæður þeirra og tungumál.

Umsjónarmenn verkefnisins fyrir hönd skólans eru Ingibjörg Rósa Ívarsdóttir umsjónarkennari í 3. bekk og Lára Torfadóttir umsjónarkennari í 1. bekk.